

REGLUGERÐ

um greiðslupátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðvum, sjúkrahúsum og Heyrnar- og talmeinstöð og fyrir heilbrigðisþjónustu sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi læknum, sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum, talmeinafræðingum og sálfræðingum sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samið við skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Enn fremur er í reglugerðinni kveðið á um þau gjöld sem sjúkratryggðir skulu greiða fyrir meðferð húðsjúkdóma sem veitt er af öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en læknum samkvæmt samningum. Loks er kveðið á um gjald fyrir sjúkraflutninga.

Þjónustuveitendum, sbr. 1. mgr., er óheimilt að innheimta hærri eða önnur gjöld af sjúkratryggðum en kveðið er á um í reglugerð þessari og fylgiskjali með henni.

Sjúkratryggingar Íslands skulu kynna almenningi efni þessarar reglugerðar.

2. gr.

Hverjir eru sjúkratryggðir.

Sjúkratryggður er sá sem er búsettur á Íslandi og hefur verið það a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en bóta er óskað úr sjúkratryggingum að uppfylltum öðrum skilyrðum laga um sjúkratryggingar nema annað leiði af milliríkjasamningum, sbr. 10. gr. laga um sjúkratryggingar. Með búsetu er átt við lögheimili í skilningi lögheimilislaga. Börn yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpborn og fösturbörn. Að öðru leyti gilda 10.–16. gr. laga um sjúkratryggingar um það hverjir teljast sjúkratryggðir hér á landi.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarða hvort einstaklingur telst sjúkratryggður.

II. KAFLI

Greiðslur sjúkratryggðs og afsláttarstofn.

3. gr.

Hámarksgreiðsla sjúkratryggðra.

Hámarksgreiðsla sjúkratryggðs almennt í almanaksmánuði fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, er 26.753 kr. Fari heildarkostnaður sjúkratryggðs í almanaksmánuði yfir þá fjárhæð greiða sjúkratryggingar, þ.e. Sjúkratryggingar Íslands eða viðkomandi heilbrigðisstofnun, það sem umfram er, sbr. þó 4. gr.

Hámarksgreiðsla aldraðra, öryrkja, barna og barna með umönnunarmat í almanaksmánuði fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, er 17.835 kr. Fari heildarkostnaður í almanaksmánuði yfir þá fjárhæð greiða sjúkratryggingar, þ.e. Sjúkratryggingar Íslands eða viðkomandi heilbrigðisstofnun, það sem umfram er, sbr. þó 4. gr.

Börn með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Þjóðskrár Íslands skulu teljast einn einstaklingur. Hámarksgreiðsla barna í sömu fjölskyldu, almennt í almanaksmánuði fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari, er 17.835 kr. Fari heildarkostnaður í almanaksmánuði yfir þá fjárhæð greiða Sjúkratryggingar Íslands eða viðkomandi heilbrigðisstofnun það sem umfram er, sbr. þó 4. gr.

Til að sjúkratryggðir njóti réttinda samkvæmt þessari grein ber veitanda heilbrigðisþjónustu að skila reikningsupplýsingum til Sjúkratrygginga Íslands á því formi sem stofnunin ákveður.

4. gr.

Afsláttarstofn og greiðslur sjúkratryggðs fyrir heilbrigðisþjónustu.

Greiðslur sjúkratryggðs fyrir heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari mynda afsláttarstofn. Afsláttarstofn er nýttur við ákvörðun á greiðslum sjúkratryggðs við kaup á heilbrigðisþjónustu.

Afsláttarstofn verður aldrei hærri en hámarksgreiðsla sjúkratryggðs í almanaxsmánuði, sbr. 3. gr. Afsláttarstofn flyst á milli mánaða að frádregnum 1/6 hluta af hámarksgreiðslu um hver mánaðamót, óháð greiðslum sjúkratryggðs.

Við ákvörðun greiðslupátttöku sjúkratryggðs vegna heilbrigðisþjónustu samkvæmt reglugerð þessari skal leggja saman afsláttarstofn og greiðslur sjúkratryggðs við kaup á heilbrigðisþjónustu. Séu samanlagðar greiðslur lægri en hámarksgreiðsla, sbr. 3. gr., greiðir sjúkratryggður kostnaðinn allt að hámarksgreiðslu. Kostnaður umfram hámarksgreiðslu sjúkratryggðs greiðist af Sjúkratryggingum Íslands, ef um er að ræða þjónustu sem þær taka þátt í að greiða, annars af viðkomandi heilbrigðisstofnun.

5. gr.

Greiðslur sem falla ekki í afsláttarstofn.

Eftirfarandi greiðslur falla ekki í afsláttarstofn skv. 4. gr.:

1. Greiðslur skv. 11. gr. vegna þjónustu í heilsugæslu með þar tilgreindum undantekningum.
2. Greiðslur skv. 8. mgr. 13. gr. vegna kostnaðar við dagvist aldraðra.
3. Greiðslur skv. 14. gr. vegna endurtengingar eggjaleiðara eða sáðrásar eftir ófrjósemisaðgerð.
4. Greiðslur skv. 15. gr. vegna læknisvottorða.
5. Greiðslur skv. 2. og 4. mgr. 1. tölul. 1. mgr. 16. gr. vegna komu til sérfræðings í augnlækningum og komu á göngudeild til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum í nánar tilgreindum tilvikum.
6. Greiðslur skv. 32. gr. vegna sjúkraflutninga.

III. KAFLI

Orðskýringar. Fagleg samskipti heilbrigðisstarfsmanna.

6. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Aldraður*: Sjúkratryggður einstaklingur 67 ára og eldri og sjómaður 60 ára og eldri sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, sbr. 8. og 9. mgr. 17. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar.
2. *Börn*: Sjúkratryggðir einstaklingar yngri en 18 ára.
3. *Börn með umönnunarmat*: Sjúkratryggð börn og ungmenni á aldrinum 18 og 19 ára sem eru með umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, með síðari breytingum.
4. *Sjúkratryggðir almennt*: Sjúkratryggðir einstaklingar aðrir en aldraðir, öryrkjar, börn og börn með umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins.
5. *Öryrki*: Sjúkratryggður einstaklingur sem hefur verið metinn til a.m.k. 75% örorku hjá Tryggingastofnun ríkisins, sbr. b-lið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar. Einstaklingar með endurhæfingarlífeyri njóta sömu réttinda og öryrkjar samkvæmt reglugerð þessari.
6. *Umsamið heildarverð*: Gjald sem samið hefur verið um í samningum Sjúkratrygginga Íslands við veitendur heilbrigðisþjónustu, skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar.
7. *Ákveðið heildarverð*: Gjald vegna sérfræðiþjónustu á göngu- og dagdeildum sjúkrahúsa sem ýmist fer eftir samningum, sbr. 6. tölul., eða gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands skv. 38. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, séu samningar ekki fyrir hendi.

7. gr.

Fagleg samskipti heimilislækna, heilsugæslulækna og sérgreinalækna.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heimilislækna, heilsugæslulækna og sérgreinalækna er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heimilis- eða heilsugæslulækni.

Sjúklingur sem kemur til sérgreinalæknis fyrir milligöngu heimilis- eða heilsugæslulæknis skal hafa fengið tilvísun frá heimilis- eða heilsugæslulækni. Sérgreinalæknirinn skal ávallt senda læknaþréf til heimilis- eða heilsugæslulæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérgreinalæknis án milligöngu heimilis- eða heilsugæslulæknis skal sérgreinalæknir ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni sjúklingsins læknaþréf. Komi sjúklingur til sérgreinalæknis fyrir milligöngu annars sérgreinalæknis skal síðari sérgreinalæknirinn ávallt senda læknaþréf til heimilis- eða heilsugæslulæknis sjúklingsins og þess sérgreinalæknis sem hafði milli-göngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan og þær mögulegu afleiðingar að tilvísun fái ekki útgefin.

IV. KAFLI Heilsugæsla.

8. gr.

Komugjöld á dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, á heilsugæslustöð sem þeir eru skráðir á, 700 kr.
2. Sjúkratryggðir almennt, á heilsugæslustöð sem þeir eru ekki skráðir á, 1.200 kr.
3. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
4. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðraverndar og heilsuverndar barna, heilsugæsla í skólum og unglíngamóttaka í heilsugæslu sem veitir ráðgjöf og fræðslu um forvarnir. Með mæðra-vernd og heilsuvernd barna er átt við mæðravernd og heilsuvernd barna eins og hún er skilgreind í leiðbeiningum embættis landlæknis.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur sem eru eingöngu vegna krabbameinsleitar á heilsugæslu-stöðvum og hjá heimilislæknum, skv. 12. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilis-læknis.

9. gr.

Komugjöld utan dagvinnutíma.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e. milli kl. 16.00 og 8.00 á virkum dögum, um helgar og helgidögum, skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 3.100 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Hafi lækni sjálfur valið að sinna lækni starfi utan dagvinnutíma skal greitt skv. 8. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilis-læknis.

10. gr.

Gjöld vegna vitjana lækna.

Fyrir vitjun læknis á dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 3.400 kr.
 2. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
 3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.
- Fyrir vitjun læknis utan dagvinnutíma skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:
1. Sjúkratryggðir almennt, 4.500 kr.
 2. Aldraðir og öryrkjar greiða ekkert gjald.
 3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Með vitjun samkvæmt þessari grein er átt við þjónustu læknis utan heilsugæslustöðvar eða starfsstöðvar sjálfstætt starfandi læknis.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma skv. 1. mgr.

Vitjanagjald greiðist lækni og dregst frá sammingsbundinni þóknun hans fyrir vitjanir.

11. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónustu.

Auk komugjalda skv. 8. og 9. gr. skulu sjúkratryggðir greiða gjald fyrir bólusetningar á heilsugæslustöð eða hjá heimilislækni sem starfar utan heilsugæslustöðva miðað við kostnaðarverð/innkaupsverð fyrir hvern skammt bóluefnis. Verðskrá skal birt á vefsíðu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og gildir hún fyrir allar heilsugæslustöðvar og heimilislækna. Þó er bóluefni við árstíðabundinni inflúensu að kostnaðarlausu þeim sem eru í sérstökum áhættuhópum og sóttvarnalæknir tilgreinir. Gjöldin skulu einnig greidd í heimahjúkrun.

Ekkert gjald er greitt fyrir heilsuvernd barna og heilsugæslu í skólum, sbr. 2. mgr. 8. gr. Í heilsuvernd barna er ekki greitt gjald fyrir bólusetningar við stífkrampa, mænusótt, rauðum hundum og MMR (mislingar + hettusótt + rauðir hundar), barnaveiki, kíghósta, H. influenzae b sjúkdómi, mislingum, hettusótt, meningókokkasjúkdómi C, pneumókokkasjúkdómi og leghálskrabbameini af völdum HPV.

Auk komugjalda skv. 8. og 9. gr. skulu sjúkratryggðir, aðrir en börn og börn með umönnunarmat, greiða gjald fyrir aðra þjónustu en um getur í 1. mgr. sem hér segir:

1. Þungunarpróf, 174 kr.
2. Streptokokkarannsóknir, 338 kr.
3. Lyfjaleit í þvagi, 871 kr.
4. CRP (C-reaktíft prótein), 1.230 kr.
5. HbA1c (glýkósýlerað hemóglóbín), 2.358 kr.
6. Berklapróf (Mantoux), kostnaðarverð/innkaupsverð.
7. Lykkja (T), 3.383 kr.
8. Hormónalykkja, kostnaðarverð/innkaupsverð.
9. Ofnæmispróf (prick húðpróf), kostnaðarverð/innkaupsverð.
10. Pokar vegna blóðaftöppunar, 1.333 kr.
11. Námskeið fyrir verðandi foreldra:
 - a. Námskeið um undirbúning fæðingar, 11.173 kr.
 - b. Námskeið fyrir verðandi tvíburaforeldra, 11.173 kr.
 - c. Fræðsla um brjóstagið, 6.253 kr. fyrir par, 3.178 kr. fyrir einstakling.
 - d. Heilsan mín – meðgangan: heilsunámskeið fyrir barnshafandi konur í yfirvigt. Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.
12. Færniþjálfunarnámskeið fyrir foreldra og börn:
 - a. Uppeldisnámskeið fyrir foreldra, 10.865 kr. fyrir eitt foreldri og 13.428 kr. fyrir báða foreldra.
 - b. Uppeldis- og foreldrafærninámskeið fyrir foreldra barna með ADHD, 12.198 kr. fyrir eitt foreldri og 16.195 kr. fyrir báða foreldra.
 - c. Snillingarnir – færniþjálfunarnámskeið (samskipti, tilfinningastjórn, athygli o.fl.) fyrir 8–10 ára börn með ADHD, 11.173 kr.
 - d. Klókir krakkar – meðferðarnámskeið fyrir börn með kvíða og foreldra þeirra, 16.195 kr. fyrir barn og foreldri.
 - e. Vinasmiðjan – færniþjálfunarnámskeið fyrir börn á einhverfurófi, 12.813 kr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til reksturs heilsugæslustöðvar.

12. gr.

Gjöld vegna krabbameinsleitar.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal sjúkratryggður greiða sem hér segir:

1. Fyrir legstrok, sjúkratryggður almennt, 4.818 kr. Aldraðir og öryrkjar 2.460 kr.
2. Fyrir mynd af brjóstum, sjúkratryggður almennt 4.818 kr. Aldraðir og öryrkjar 2.460 kr.
3. Þegar legstrok er tekið og mynd af brjóstum tekin í sömu komu greiða sjúkratryggðir almennt 7.175 kr. Aldraðir og öryrkjar 3.588 kr.

Gjöld samkvæmt þessari grein renna til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfs.

V. KAFLI Sjúkrahús.

13. gr.

Komugjöld.

Sjúkratryggðir greiða ekkert gjald fyrir legu á sjúkrahúsum sem rekin eru af ríkinu eða samkvæmt samningum. Legan skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Með legu er átt við samfellda dvöl sjúkratryggðs á sjúkrahúsi, á legudeild eða í undantekningartilvikum bráðamóttökudeild þegar ekki er unnt að innrita sjúkratryggðan á legudeild, í sólarhring, þ.e. 24 klukkustundir eða lengur, vegna sjúkdómsástands/meðferðar sem krefst almennt innlagnar á legudeild.

Ef sjúkratryggður, sem skráður er í legu á sjúkrahúsi, leitar heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahússins, þar sem ekki er unnt að veita honum þjónustuna á sjúkrahúsinu, greiðir hann gjald í samræmi við önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Fyrir komu og endurkomu á slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 6.868 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar, 4.510 kr.
3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Fyrir komu og endurkomu á dag- eða göngudeild sjúkrahúsa vegna þjónustu annarra en sérgreina-lækna skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 3.793 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar, 2.460 kr.
3. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Sjúkratryggðir sem koma oftast en einu sinni á sólarhring vegna sama vandamáls skulu einungis greiða fyrir eina komu á sólarhring, þ.e. á 24 klukkustundum.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 4. mgr., taka þátt í kostnaði við iðjuþjálfun, sjúkrapjálfun og talþjálfun á sjúkrahúsum á sama hátt og þeir sem leita til þjálfara sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. 22. gr. Skiptafjöldi í viðurkenndri iðjuþjálfun, sjúkrapjálfun og talþjálfun, sem veitt er á göngudeildum sjúkrahúsa, telst ekki til meðferðarskipta skv. 20. gr.

Sjúkratryggðir skulu, þrátt fyrir 4. mgr., taka þátt í kostnaði við meðferð húðsjúkdóma, sem veitt er á sjúkrahúsi af öðrum en læknum, á sama hátt og þeir sem leita til meðferðaraðila sem starfa samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. 24. gr.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða 26.753 kr. fyrir keiluskurðaðgerðir, sbr. þó 3. gr. Aldraðir og öryrkjar greiða 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða, sbr. 3. gr.

Sjúkratryggðir almennt skulu greiða 26.753 kr. fyrir kransæða- og hjartaþræðingu, sbr. þó 3. gr. Aldraðir og öryrkjar skulu greiða 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða fyrir kransæða- og hjartaþræðingu, sbr. 3. gr. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Aldraðir sem njóta þjónustu dagvistar í tengslum við sjúkrahús skulu taka þátt í kostnaði af dagvistinni skv. 19. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra.

Gjöld fyrir þjónustu skv. VIII. kafla greiðast til viðbótar við komugjöld skv. 3. mgr. Þó skulu komugjald og gjöld skv. VIII. kafla takmarkast við hámarksgjald í almanaksmánuði, sbr. 3. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein skulu renna til reksturs sjúkrahúss.

14. gr.

Gjald fyrir endurtengingu eggjaleiðara eða sáðrásar eftir ófrjósemisaðgerð.

Fyrir endurtengingu eggjaleiðara eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða 268.140 kr.
Fyrir endurtengingu sáðrásar eftir ófrjósemisaðgerð skal sjúkratryggður greiða 320.210 kr.

Gjald samkvæmt þessari grein rennur til reksturs sjúkrahúss.

VI. KAFLI

**Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu,
hjá heimilislæknum og á sjúkrahúsum.**

15. gr.

Gjöld fyrir læknisvottorð í heilsugæslu, hjá heimilislæknum og á sjúkrahúsum.

Fyrir læknisvottorð á formi Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyristrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar og á formi Sjúkratrygginga Íslands vegna sjúkratrygginga eða slysatrygginga skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötlud og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
2. Fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga, 666 kr.
3. Fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (uppbót vegna reksturs bifreiðar), vegna umsóknar um styrk og uppbót til kaupa á bifreið fyrir fatlað fólk, vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna meðferðar sjúklings erlendis, vegna sjúkradagpeningavottorðs eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands, 1.435 kr.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. Ekkert gjald fyrir vottorð vegna andláts (dánarvottorð).
2. Fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum, 625 kr.
3. Fyrir vottorð vegna sjúkranuðs, 1.435 kr.
4. Fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekanda, ónæmisaðgerðir og alþjóðaónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, vottorð um heilsufar einstaklinga til félagsþjónustunnar og annarra stofnana, vottorð um undanþágu til bílbeltanotkunar, vottorð vegna veitingar ökuleyfis og endurgreiðslu ferðakostnaðar, svo sem ferðarofs, vottorð til skattyfirvalda og vottorð um heilsufar kjörforeldra, stuðningsforeldra og fósturforeldra 2.050 kr.
5. Fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum stéttarfélaga, án greinargerðar, 1.435 kr.
6. Fyrir vottorð vegna umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða 4.818 kr. fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.
7. Fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla og sumarbúða erlendis og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda (meiraprófs), 5.740 kr.
8. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, til tryggingafélaga vegna líf- og sjúkdómatrygginga eða umsókna um örorkubætur eða ættleiðingu, til lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis, fyrir ítarlegt vottorð um heilsufar einstaklings vegna beiðni þriðja aðila (skóla, atvinnurekanda, sjómanna vottorð), skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða 4.818 kr. fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð samkvæmt þessari grein skulu renna til viðkomandi stofnunar.

VII. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu utan sjúkrahúsa og á göngudeildum og dagdeildum sjúkrahúsa.

16. gr.

Gjöld fyrir sérgreinalæknishjálp.

Fyrir hverja komu til sérgreinalæknis utan sjúkrahúsa og á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa, sbr. þó 14. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 90% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði fyrir komuna, sbr. þó 3. gr.
2. Fyrir komu til sérfræðings í augnlækningum til sjónmælingar vegna sjónlagsgalla greiða sjúkratryggðir almennt umsamið eða ákveðið heildarverð. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein falla ekki í afsláttarstofn, sbr. 5. gr.
3. Stafi sjónlagsgallinn, eða notkun gleraugna, af slysi eða sjúkdómi falla greiðslur þó í afsláttarstofn, sbr. 4. gr.
4. Fyrir komu á göngudeild til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum vegna sérhæfðrar skoðunar til öflunar flugréttinda eða viðhalds þeirra greiða sjúkratryggðir umsamið eða ákveðið heildarverð. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein falla ekki í afsláttarstofn, sbr. 5. gr.
5. Aldraðir og öryrkjar, 2/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt fyrir komuna, sbr. þó 3. gr.
6. Börn á aldrinum tveggja ára til og með 17 ára með tilvísun frá heilsugæslu- eða heimilislækni greiða ekkert gjald, annars 1/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt fyrir komuna, sbr. þó 3. gr.
7. Börn yngri en tveggja ára og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Fyrir kostnað vegna einnota áhalds og efna, sem notuð eru vegna aðgerða utan sjúkrahúsa hjá sérfræðingum í skurðlækningum og svæfingum, greiða sjúkratryggðir ekkert gjald.

Fyrir rafræn samskipti (símtöl og tölvupóst) við sérgreinalækni greiða sjúkratryggðir umsamið heildarverð að fullu enda séu meira en þrjú mánuðir liðin frá komu til sérgreinalæknis.

Með komu til sérgreinalæknis á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa skv. 1. mgr. er átt við ferli- verk, þ.e. lækni meðferð sem unnt er að veita hvort sem er á læknaðstofum utan sjúkrahúsa eða á sjúkrahúsum og krefst ekki innlagnar á legudeild nema í undantekningartilvikum. Sjúkratryggður greiðir gjald, sbr. 1. mgr., og gildir þá einu þótt næturdvöl kunni að reynast nauðsynleg í einstökum tilvikum enda fari dvölin ekki yfir 24 klukkustundir. Sjúkratryggðir greiða fyrir þjónustu svæfingalæknis á sjúkrahúsi vegna aðgerðar þar hjá sjálfstætt starfandi tannlækni, sama hlutfall og vegna tannlækninganna, sbr. reglugerð um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlækningar. Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald. Óheimilt er að krefja sjúkratryggðan annarra gjalda vegna aðgerðarinnar.

Gjöld vegna þjónustu á göngudeild eða dagdeild sjúkrahúsa skulu renna til reksturs viðkomandi sjúkrahúss.

VIII. KAFLI

Sameiginleg ákvæði fyrir þjónustu í heilsugæslu, á sjúkrahúsum og utan sjúkrahúsa.

17. gr.

Gjöld fyrir rannsóknir, geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar.

Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknarstofu og vegna rannsóknar á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknarstofu, sbr. þó 14. gr., skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 2.768 kr.
2. Aldraðir og öryrkjar, 1.845 kr.
3. Börn með beiðni um rannsókn frá heimilis- eða heilsugæslulækni, eða hafa fengið tilvísun til sérgreinalæknis frá heilsugæslu- eða heimilislækni ekkert gjald, annars 1.845 kr.
4. Börn yngri en tveggja ára og börn með umönnunarmat ekkert gjald.

Fyrir hverja komu til geisla- og myndgreiningar og beinþéttmælingar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 90% af umsömdu heildarverði eða verði samkvæmt fylgiskjali 1., sbr. þó 3. gr.
 2. Aldraðir og öryrkjar 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða, sbr. þó 3. gr.
 3. Börn með beiðni um rannsókn frá heimilis- eða heilsugæslulækni, eða þau sem hafa fengið tilvísun til sérgreinalæknis frá heilsugæslu- eða heimilislækni ekkert gjald, annars 1/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða, sbr. þó 3. gr. Börn sem koma í beinu framhaldi af slysi greiða ekkert gjald.
 4. Börn yngri en tveggja ára og börn með umönnunarmat ekkert gjald.
- Gjöld vegna þjónustu á heilsugæslustöð og á sjúkrahúsum skulu renna til reksturs stofnananna.

IX. KAFLI

Þjálfun.

18. gr.

Þjálfun.

Þjálfun sem telst læknisfræðilega nauðsynleg og samið hefur verið um fellur undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Þjálfun er nauðsynlegur liður í að greina og meðhöndla vandamál sem orsaka skerðingu á færni.
2. Þjálfun er nauðsynlegur liður í endurhæfingu eða til að fyrirbyggja frekari færniskerðingu vegna fötlunar, frávika í eðlilegum þroska, langvinnra sjúkdóma eða í kjölfar aðgerða, veikinda og slysa.

19. gr.

Orðskýringar.

Í kafla þessum hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

1. *Þjálfun*: Sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun.
2. *Ar*: 365 dagar, talið frá fyrsta meðferðarskipti.

20. gr.

Réttur sjúkratryggðs til þjálfunar.

Forsenda fyrir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í þjálfun er að fyrir liggi tilvísun frá lækni eða sjúkraþjálfara á heilsugæslustöð þar sem fram kemur sjúkdómsgreining. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði vegna meðferðar hjá sjúkraþjálfara sem nemur allt að sex skiptum á einu ári.

Sjúkratryggður sem þarf á þjálfun að halda, að mati lækni og þjálfara, sbr. þó undantekningu í 1. mgr., á rétt á allt að 15 nauðsynlegum meðferðarskiptum á einu ári. Sjúkratryggður á einnig rétt á nauðsynlegri viðbótarþjálfun, sbr. 3. og 4. mgr., enda hafi Sjúkratryggingar Íslands samþykkt slíka meðferð.

Ef nauðsyn er talin vera fyrir fleiri skiptum en 15 á einu ári er Sjúkratryggingum Íslands heimilt, í eftirfarandi tilvikum samkvæmt umsókn, að ákvarða viðbótarþjálfun sem sjúkratryggingar taka til, í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér:

1. Ef sjúkratryggður er með mjög skerta færni og áframhaldandi þjálfun er ótvírætt nauðsynleg.
2. Ef sjúkratryggður er haldinn langvarandi sjúkdómi sem leitt getur til færniskerðingar sem áframhaldandi þjálfun getur að öllum líkindum seinkað eða komið í veg fyrir.
3. Ef um er að ræða áframhaldandi þjálfun sem er þáttur í nauðsynlegri endurhæfingu í kjölfar veikinda, aðgerðar eða slyss.
4. Ef um er að ræða fjölbætt vandamál sem ekki falla undir lið 1–3 þar sem þjálfun er nauðsynlegur hluti af skipulögðu endurhæfingarferli.

Sækja skal um viðbótarþjálfun fyrir fram. Umsókn um viðbótarþjálfun skal vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða. Stofnunin skal hafa tekið afstöðu til umsóknarinnar innan tveggja vikna frá því að hún, ásamt öllum nauðsynlegum gögnum, er móttækin.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt að samþykkja sjúkraþjálfun í heimahúsum ef sjúkratryggður einstaklingur er þannig líkamlega á sig kominn að hann kemst ekki í meðferð á sjúkraþjálfunarstofu. Sækja skal fyrir fram um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga Íslands vegna þessarar meðferðar.

Heimilt er Sjúkratryggingum Íslands að samþykkja sjúkraþjálfun á hestbaki þegar um er að ræða skaða í miðtaugakerfi enda sé þjálfunin framkvæmd af sjúkraþjálfara sem hefur sérþekkingu á sjúkraþjálfun á hestbaki. Sækja skal fyrir fram um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga Íslands vegna þessarar meðferðar.

21. gr.

Greiðsluþátttaka sjúkratryggðs.

Greiðslur sjúkratryggðra einstaklinga fyrir þjálfun skv. 20. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir almennt, 90% af umsömdu heildarverði, sbr. þó 3. gr.
2. Aldraðir og öryrkjar, 2/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt, sbr. þó 3. gr.
3. Börn á aldrinum tveggja ára til og með 17 ára með tilvísun skv. 20. gr., ekkert gjald, annars 1/3 af því sem sjúkratryggðir greiða almennt fyrir komuna, sbr. þó 3. gr.
4. Börn yngri en tveggja ára og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

Ef samið er um hærra heildarverð fyrir tilgreinda hópa sjúkratryggðra eða tilgreinda meðferð reiknast greiðsla sjúkratryggðra einstaklinga út frá heildarverði fyrir almennt umsamda þjálfunar-meðferð. Þetta á þó ekki við um sérstakt umsamið skoðunargjald, sérfræðiálag og sérstakt menntunar-álag sjúkraþjálfara en í þeim tilvikum greiða sjúkratryggðir hlutfall af umsömdu verði.

Með fjölda skipta er átt við samanlagðan skiptafjölda sjúkratryggðs á ári í þjálfun.

Hver tvö skipti í hópmeðferð hjá þjálfara, sbr. 1. mgr., teljast svara til eins skiptis í annarri þjálfun við talningu af heimild. Það sama gildir um einfalda meðferð.

Fyrir heimameðferð sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt, sbr. 5. mgr. 17. gr., greiðir sjúkratryggður sama gjald og vegna sjúkraþjálfunar á stofu. Í sérstökum tilvikum, ef um mjög alvarlegt sjúkdómsástand eða mjög alvarlega fötlun er að ræða, er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að samþykkja heimasjúkraþjálfun án greiðslu sjúkratryggðs.

Fyrir nauðsynlega þjálfun á hestbaki sem Sjúkratryggingar Íslands hafa samþykkt, sbr. 6. mgr. 20. gr., greiðir sjúkratryggður sama gjald og vegna sjúkraþjálfunar á stofu.

22. gr.

Þjálfun á göngudeildum heilbrigðisstofnana.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir þjálfun á göngudeildum heilbrigðisstofnana skulu fara eftir ákvæðum 21. gr.

23. gr.

Vottorð.

Sjúkratryggingar Íslands geta krafist vottorðs frá þjálfara eða lækni sjúklings um nauðsyn þjálfunar, einkum vegna þjálfunarmeðferðar umfram 20 skipti á ári og vegna annarrar langtímameðferðar.

X. KAFLI

Meðferð húðsjúkdóma sem veitt er af öðrum en læknum.

24. gr.

Meðferð húðsjúkdóma.

Meðferð húðsjúkdóma, sem veitt er af öðrum heilbrigðisstarfsmönnum en læknum samkvæmt samningi, fellur undir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga þegar um er að ræða nauðsynlega meðferð vegna húðsjúkdóma sem felst í B-geislum, B- og A-geislum, PUVA-meðferð eða margþættri húð-meðferð sem veitt er af öðrum en læknum samkvæmt fyrirmælum læknis.

25. gr.

Meðferðarstaður.

Meðferð húðsjúkdóma skal fara fram á starfsstöð rekstraraðila. Meðferð má einungis veita samkvæmt tilvísun læknis.

Meðferð skal veitt samkvæmt fyrirmælum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum, þar sem því verður við komið. Við meðferðina skulu starfa hjúkrunarfræðingar eða aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem hafa nægilega kunnáttu til starfans.

26. gr.

Greiðsluþátttaka sjúkratryggðs.

Greiðslur sjúkratryggðra almennt fyrir meðferð skv. 1. og 3. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir meðferð sem felst í B-geislum og/eða B- og A-geislum, með eða án smyrsla: 90% af umsömdu heildarverði, sbr. þó 3. gr.
2. Fyrir meðferð sem felst í PUVA-meðferð: 90% af umsömdu heildarverði, sbr. þó 3. gr.
3. Fyrir margþætta húðmeðferð: sama gjald og tilgreint er í 1. tölul.

Greiðslur aldraðra og öryrkja skulu vera 2/3 af því sem sjúkratryggðir almennt greiða, sbr. þó 3.

gr.

Börn og börn með umönnunarmat greiða ekkert gjald.

XI. KAFLI

Þjónusta sjálfstætt starfandi sálfræðinga við börn yngri en 18 ára.

27. gr.

Sálfræðiþjónusta við börn.

1. Umsamin sálfræðiþjónusta við börn fellur undir greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: Að um sé að ræða börn yngri en 18 ára sem þurfa á þjónustu að halda skv. 2. tölul. að mati þverfaglegs greiningarteymis heilbrigðisstarfsmanna eða barnageðlæknis skv. 3. tölul.
2. Að þjónustan taki til sálfræðimeðferðar á grundvelli tilvísunar skv. 3. tölul. vegna alvarlegra geðhegðunar- og þroskaraskana, svo sem vegna kvíða, þunglyndis eða þráhyggjueinkenna. Meðferðarskipti á grundvelli hvernar tilvísunar geta orðið allt að tíu.
3. Að fyrir liggi tilvísun á þjónustuna frá þverfaglegu greiningarteymi heilbrigðisstarfsmanna eða barnageðlækni. Í tilvísun skal tilgreina fjölda meðferðartíma sem geta að hámarki orðið tíu, svo og gildistíma tilvísunar sem er að hámarki 12 mánuðir frá útgáfudegi hennar. Um meðferð vegna kvartana fer eftir lögum um landlækni og lýðheilsu og lögum um réttindi sjúklinga. Sé að mati teymis eða barnageðlæknis þörf á tilvísun ákveður sjúkratryggður einstaklingur til hvaða samningsbundins sálfræðings honum er vísað. Teymið eða barnageðlæknir veitir aðstoð við val á sálfræðingi ef sjúkratryggður einstaklingur óskar eftir því. Sjúkratryggður greiðir ekkert gjald fyrir tilvísun.

28. gr.

Greiðsluþátttaka sjúkratryggðs.

Barn greiðir ekkert gjald fyrir komu til samningsbundins sálfræðings utan sjúkrastofnana.

29. gr.

Lok meðferðar.

Í lok meðferðar (meðferðarlotu) skal sálfræðingur senda skýrslu um árangur meðferðar til tilvísandi greiningarteymis eða barnageðlæknis, sbr. 3. tölul. 27. gr., þar sem fram komi stutt ágríp af innihaldi meðferðar og lýsing á árangri hennar á grundvelli markmiða samkvæmt tilvísun og þörf á frekari meðferð hjá sálfræðingi sé sú talin raunin.

XII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Reikningsupplýsingar.

Þegar reikningur er gerður til Sjúkratrygginga Íslands skal þjónustuveitandi draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu heildarverði. Ekki er gerður reikningur til Sjúkratrygginga Íslands vegna þjónustu sem veitt er á sjúkrahúsum eða á heilsugæslustöðvum nema sérstaklega hafi verið um það samið skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar. Reikningar skulu að öðru leyti uppfylla skilyrði laga og reglna á hverjum tíma. Þeir skulu vera á því formi sem Sjúkratryggingar Íslands ákveða og getur stofnunin krafist þess að þeir berist á rafrænu formi.

31. gr.

Sérreglur fyrir líffæragjafa.

Þeir sem gefa líffæri eða fyrirhugað er að gefi líffæri eru undanþegnir öllum gjöldum samkvæmt reglugerð þessari vegna rannsókna og/eða meðferðar sem er í beinum tengslum við brottám líffæris eða fyrirhugað brottám líffæris.

32. gr.

Gjald fyrir sjúkraflutninga.

Fyrir sjúkraflutning á sjúkrahús/heilbrigðisstofnun og frá sjúkrahúsi/heilbrigðisstofnun skulu sjúkratryggðir greiða 7.175 kr.

33. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 29. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sbr. 17. gr., 18. gr., 19. gr., 21. gr. og 22. gr. sömu laga, með síðari breytingum, 8. gr. laga nr. 42/2007 um Heyrnar- og talmeinastöð og 37. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1145/2019 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Heilbrigðisráðuneytinu, 23. desember 2019.

Svandís Svavarsdóttir.

Elsa B. Friðfinnsdóttir.

Fylgiskjal I.

Ákveðið heildarverð fyrir geisla- og myndgreiningar til viðmiðunar við útreikning á greiðsluhluta sjúklings fyrir komu á heilsugæslustöð og sjúkrahús þar sem ekki er um innlögn að ræða, sbr. 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar þessarar.

Flokkar	Verð kr.	Flokkar	Verð kr.
1. fl.	5.058	11. fl.	36.131
2. fl.	6.745	12. fl.	38.540
3. fl.	10.839	13. fl.	42.153
4. fl.	17.584	14. fl.	54.197
5. fl.	21.679	15. fl.	60.219
6. fl.	24.088	16. fl.	67.445
7. fl.	26.015	17. fl.	122.846
8. fl.	27.701	18. fl.	264.963
9. fl.	33.241	19. fl.	380.583
10. fl.	33.723		

Verðflokkar í jáeindaskanna	kr.	
20. fl. 701-70	207.153	860
20. fl. 701-71	224.736	933
20. fl. 701-72	233.167	968
20. fl. 701-73	224.736	933
20. fl. 701-74	233.167	968
20. fl. 701-75	224.736	933
20. fl. 701-76	233.167	968
20. fl. 704-70	351.437	1.459

- Einungis er gjaldfært fyrir einn flokk í hverri komu í flokkum 17–19 og er þá miðað við hæsta verðflokk þess sem gert er.
- Gjaldfært er sérstaklega fyrir hjartagangráða, stent og regnhlífur, að öðru leyti eru einnota vörur innifaldar í verðskrá.
- Við ómskoðun gildir einu hve mörg líffæri innan flokksins eru skoðuð, hámarksgreiðsla fyrir sjúklingakomu eru tveir flokkar.

Ef rannsókn er í 8. flokki er það hámarksgreiðsla fyrir ómun.

V. fl. Ómfl. Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V. fl. Ómfl. Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
1. Verðflokkur			2. Verðflokkur		
1	301-00 Epipharynx	21	1	639-00 Mjadarliðir	21
1	304-00 Mjúkpartar á hálsi/barki/skjaldkirtill	21	1	641-00 Lærleggur	21
1	401-00 Munnvatnskirtlar	21	1	642-00 Hnéliður	21
1	600-09 Rannsókn á sýni	21	1	645-00 Fótleggur	21
1	601-00 Cranium	21	1	646-00 Ökkli	21
1	602-00 Sinusar	21	1	648-00 Fótur/hæll/tær	21
1	603-00 Andlitsbein/nefbein	21	2. Verðflokkur		
1	608-00 Neðri kjálki/kjálkaliðir	21	2	320-00 Lungu	28
1	609-00 Kjálkaliðir (bitrannsókn)	21	2	320-09 Lungu/rekkjumynd á röntgendeild	28
1	620-00 Sternum	21	2	460-00 Kviðarhol, yfirlit	28
1	621-00 Háslíðir	21	2	501-00 Þvagfærufirlit	28
1	622-00 Brjóstliðir	21	2	6xx-32 Bein og liðir	
1	623-00 Lendarliðir	21		álagsrannsóknir, liggjandi eða standandi	28
1	624-00 Rif	21	2	6xx-33 Bein og liðir - hornamæling	28
1	625-00 Sternoclavicularliðir	21	2	611-00 Orthopantomografia	28
1	626-00 Mjadaragrind	21	2	617-00 Leguákvörðun aðskotahluts í auga	28
1	627-00 Sacroiliacaliðir	21	2	626-10 Mjadaragrind - skyggnaðstöð	28
1	628-00 Spjaldbein/rófubein	21	2	626-11 Mjadaragrind rannsókn á skurðstofu	28
1	631-00 Axlarl./viðbein/herðablað	21	2	629-00 Hryggskekkjurannsókn	28
1	632-00 Sérmynd af acromion, Bigliani	21	2	655-00 Lengdarákvörðun/hornamæling á útlimum	28
1	633-00 Upphandleggur	21	3. Verðflokkur		
1	634-00 Ölbogi	21	3	199-00 Aðrar aðgerðir ótaldar	45
1	636-00 Framhandleggur	21			
1	637-00 Únliður	21			
1	638-00 Hönd/fingur	21			

V. fl. Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V. fl. Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	
3	302-00	Talmeinafræðileg rannsókn	45	6. Verðflokkur				100
3	320-07	Lungu/rekkjumynd	45	6	402-00	Sialografía	100	
3	399-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	6	410-00	Vélinda	100	
3	443-00	Anal fistulografa	45	6	431-00	Mjógirmi I - tvíkontrast (sondupassage)	100	
3	499-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	6	440-00	Ristill	100	
3	511-00	Retrograd pyelografia	45	6	441-00	Ristill - tvíkontrast	100	
3	512-00	Antegrad pyelografia	45	6	442-00	Defecografia	100	
3	540-00	Grindarmál	45	6	449-00	Herniografia	100	
3	599-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	6	530-00	Urethrocystografia	100	
3	600-36	Fistulografia	45	6	531-00	Mictionsurethrocystografia	100	
3	607-00	Dakrocystografia	45	6	533-00	Vesiculografia	100	
3	656-00	Ákvörðun beinaldurs	45	6	534-00	Rannsókn á Brickersblöðru (loopografia)	100	
3	699-00	Aðrar aðgerðir ótaldar	45	6	560-00	Hysterosalpingografia	100	
3	I	91x-00	Ómun höfuð og heili	45	6	686-00	Ganglimsplebografia	100
3	I	912-07	Ómun heili mobil	45	7. Verðflokkur			108
3	I	912-11	Ómun heili á skurðstofu	45	7	8xx-01	TS-rannsókn með skuggaefnisgjöf	108
3	II	92x-00	Ómun hjarta og brjósthol	45	7	869-33	Tölvusneið - mjaðmargrind + hornamæling	108
3	III	93x-00	Ómun háls og brjósthol	45	7	870-33	TS-fötleggur + hornamæling	108
3	IV	94x-00	Ómun kviðarhol og kviðarholsliffæri	45	7	895-00	TS-dental einföld vegna titanium implantationar	108
3	IV	94x-07	Ómun kviðarhol og kviðarholsliffæri (mobil)	45	8. Verðflokkur			115
3	IV	94x-11	Ómun kviðarhol og kviðarholsliffæri á skurðstofu	45	8	510-00	Þvagfærarannsókn með skuggaefni, urografia	115
3	V	95x-00	Ómun þvagfæri, eistu og nýmahettur	45	8	131-00	Lumbal myelografia	115
3	V	95x-07	Ómun þvagfæri - mobil	45	8	132-00	Thoracal/Cervical/Total myelografia	115
3	V	95x-11	Ómun þvagfæri á skurðstofu	45	8	304-05	Mjúkpartar á hálsi m/ástungu	115
3	VI	960-00	Ómun bein - liðir - liðþófar	45	8	320-05	Lungu - ástunga/sýnistaka	115
3	VI	961-00	Ómun mjúkparta á útlimum	45	8	350-00	Bronchografia	115
3	VI	962-00	Ómun útlímaæðar	45	8	450-50	Gallvegir, skipt um slöngu	115
3	VI	963-00	Ómun mamme	45	8	460-05	Kviðarhol, yfirlit m/ástungu	115
3	VI	964-00	Ómun mjúkparta, aðrir	45	8	463-00	Ductografia choled. (ERC)	115
3	VII	97x-00	Ómun leg, eggjaleiðarar, eggjastokkar og föstur	45	8	464-00	Ductografia pancreas (ERP)	115
4. Verðflokkur				73	8	590-50	Skipt um nefrostomiuslöngu	115
4	320-10	Lungu - skyggnaaðstoð	73	8	685-00	Bláæðarannsókn á handlegg	115	
4	420-00	Magi	73	8	688-00	Lymfografia	115	
4	430-00	Mjógirmi	73	8	6xx-05	Ástunga/sýnataka	115	
4	450-00	Gallvegir um dren	73	8	VIII 9xx-05	Ástunga eða sýnataka	115	
4	453-00	Gallvegir í aðgerð	73	9. Verðflokkur				138
4	460-10	Kviðarhol, skygging	73	9	8xx-02	TS-rannsókn án og með skuggaefni/fjölfasa	138	
4	501-10	Þvagfæri, skygging	73	9	896-00	TS-dental tvöföld vegna titanium implantationar	138	
4	586-00	Cavemografia	73	10. Verðflokkur				140
4	589-00	Bláæðarannsókn, aðrar æðar ótaldar	73	10	320-06	Lungu - ástunga/dren	140	
4	6xx-35	Skuggaefnisrannsókn á liðum - artrografia	73	10	460-06	Kviðarhol - ástunga/dren	140	
4	600-10	Skygging	73	10	6xx-06	Ástunga/dren	140	
4	600-38	Rannsókn á líki	73	10	VIII 9xx-06	Ómstyrð ástunga/dren	140	
4	800-77	Plönun/efitirhleðslu	73	11. Verðflokkur				150
4	821-04	TS-hálshryggur með skuggaefni í mænugang (myelogr.)	73	11	Mxx-00	Segulómrannsóknir án skuggaefnisgjafar	150	
4	822-04	TS-brjósthryggur m/skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	73	11	Mxx-60	Segulómun - æðaskoðun án skuggaefnisgjafar	150	
4	823-04	TS-lendarhryggur með skuggaefni í mænugangi (myelogr.)	73	12. Verðflokkur				160
4	VIII 9xx-01	Ómun m/skuggaefni	73	12	VIII 9xx-62	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðisrannsóknir - báðum megin	160	
4	8xx-00	TS-rannsókn án skuggaefnisgjafar	73	13. Verðflokkur				175
5. Verðflokkur				90	13	725-00	Ísótóparannsókn heilaskann	175
5	VIII 9xx-60	Æðaómskoðun án skuggaefnisgjafar/flæðisrannsóknir - öðrum megin	90	13	734-03	Ísótóparannsókn beinayfirlit - SPECT	175	
				13	783-00	Æviskeið rauðra blóðkorna (red cell survival, RCS)	175	
				13	784-03	Ísótóparannsókn lifur/milta (SPECT)	175	

V. fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V. fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
13		715-00	Nýrnabarkar og safinkerfisskann (gluco eða dtra/dmsa)	175	15		765-00	Lymfueitlar	250
13		720-00	Nýrnasafnkerfisskann (dpt. hippuran)	175	15		767-00	Æxlisskann með gallium eða jöð 131	250
13		721-00	Nýru, Króm-EDTA-clearance (51-CR)	175	15		768-00	Nýrnaskann með lasix	250
13		734-00	Ísótóparannsókn beinayfirlit	175	15		774-00	Gallvegir með Kinevac eða eftir fitumáltíð	250
13		735-00	Ísótóparannsókn lungu	175	15		775-00	Frásog á gallsýru í þörmum (SeHCAT, 75-Se)	250
13		736-00	Lungu (loftvegir)	175	15		776-00	Beinaskönnun, þrífasa + tvífasa (liðir)	250
13		740-00	Ísótóparannsókn munnvatnskirtlar	175	15		777-00	Beinaskönnun, tvífasa	250
13		741-00	Hjartavöðvaskann (thallium) (einungis í hvíld)	175	15		781-00	Polycytaemia vera, meðferð	250
13		743-00	Ísótóparannsókn myocardium	175	15		782-00	Æviskeið rauðra blóðkorna	250
13		750-00	Nýrnabarkaskann (dmsa)	175	15		790-00	Meltingarfærablæðingarskann með rauðum blóðkornum	250
13		755-00	Ísótóparannsókn thyroidea	175	15		795-00	Æxlisskann með monoclonal antibodies	250
13		762-00	Blóðrúmmál (rauð blóðkorn, 51-Cr)	175	15		796-00	Sýkingarskann með merktum hvítum blóðkornum	250
13		763-00	Thrombosugreining (isotopaflebografia)	175	15		797-00	Sýkingarskann með gallium	250
13		766-00	Eistnaskann	175	15		798-00	Skjaldkirtskrabbamein, meinvarpaleið 131-I	250
13		773-00	Ísótóparannsókn gallvegir (HIDA)	175	16. Verðflokkur				
13		779-00	Tárögöng	175	16		Mxx-01	Segulómrannsóknir án og með skuggaefnisgjöf	280
13		784-00	Ísótóparannsókn lifur/milta	175	16		Mxx-61	Segulómun - æðaskoðun með skuggaefnisgjöf	280
13		787-00	Maga-vélinda refluxskann	175	17. Verðflokkur				
13		788-00	Ísótóparannsókn magatæming patalogiskt	175	17		170-00	Carotis angiografia	510
13		789-00	Magatæming (föst fæða)	175	17		171-00	Carotis interna angiografia	510
13		791-00	Meltingarfærablæðingarskann með sulfúr colloid	175	17		172-00	Sérþræðing á carotis externa ang.	510
13		792-00	Meckelskann	175	17		173-00	Arteriografia aa. vertebr.	510
13		793-00	Ísótópacystografia (MUCG)	175	17		174-00	Aorta-cervical angiografia	510
13		711-00	Ofstarfsemi skjaldkirtils meðferð með I31-I	175	17		175-00	Superselectiv angiografia	510
13		785-00	Schillingspróf I	175	17		176-00	Spinal angiografia	510
13		786-00	Schillingspróf II	175	17		180-00	Orbital flebografia	510
13		778-00	Beinaskann 3 fasa	175	17		181-00	Jugularis flebografia	510
14. Verðflokkur					17		182-00	Spinal flebografia	510
14		8xx-61	Tölvusneiðmyndir - æðaskoðun	225	17		195-00	Deyfing á ganglion semilunare (Gasser) i	510
14	VIII	9xx-61	Æðaómskoðun með skuggaefnisgjöf/flæðisrannsókn	225	17		372-00	Thoracal aortografia	510
15. Verðflokkur					17		376-00	Æðarannsókn hálslíffæra (t.d. skjaldkirtils)	510
15		704-00	Shuntfunction (ventriculo peritoneal eða önnur)	250	17		377-00	Þræðing á bronchial æðum	510
15		709-00	Skjaldkirtilsupptaka og scan	250	17		382-00	Skuggaefnisinnndæling í lungnaslagæð	510
15		710-00	Skjalkirtilskrabbamein, meðferð með 131-I	250	17		383-00	Thoracal cavografia	510
15		718-00	Ísótóp-lifur og lifrablóðflæði	250	17		395-00	Non-invasiv raflífeðlisfræðileg rannsókn	510
15		726-00	Cisternografia	250	17		410-40	Vélinda - útvíkkun	510
15		728-00	Mænuvökvalaki	250	17		440-40	Ristill - útvíkkun	510
15		737-00	Hjartaskann (muga) (blood pool) án álags	250	17		470-00	Kviðarholsæðar - innndæling í aorta	510
15		742-00	Hjartavöðvaskann (thallium) með álagi	250	17		471-00	Kviðarholsæðar, sérþræðing	510
15		744-00	Ísótóparannsókn liðir	250	17		480-00	Cavografia inf. með v.iliaca	510
15		745-00	Liðbólga, meðferð með 90-Y	250	17		498-00	Víkkun þrengsla í vélinda	510
15		747-00	Bris	250	17		570-00	Æðarannsókn á æðum í mjaðmargrind	510
15		748-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með 131-I	250	17		571-00	Sérþr. í æðar grindarholslíffæra	510
15		754-00	Ísótóparannsókn heila með Ceretec	250	17		573-00	Renal aortografia	510
15		756-00	Parathyroid kirtlar	250	17		574-00	Nephroangiografia	510
15		757-00	Nýrnahettur	250	17		576-00	Nýrnahettuslagæðar, sérþræðing	510
15		761-00	Ísótóparannsókn beinmergur	250	17		577-00	Sérþræðing í Art. testicularis/ovarica	510

V. fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.	V. fl.	Ómfl.	Nr.	Heiti rannsóknar	Ein.
17		578-00	Slagæðarannsókn á ígræddu nýra	510	17		676-00	Ganglímsangiografia	510
17		579-00	Æðarannsókn, aðrar æðar ótalðar	510	17		677-00	Aorto-femoral angiografia	510
17		580-00	Flebografi á renalis	510	17		679-00	Rannsókn annarra slagæða	510
17		581-00	Nýrnabláæðar, sérþræðing og blóðsýni tekin	510	17		729-00	Basal ganglia (BETA-CIT-123-I)	510
17		582-00	Flebografia af gl. supraren.	510	17		8xx-05	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga sýnistaka	510
17		584-00	Sérþræðing í vena spermatica	510	17		8xx-06	Tölvusneiðmyndastýrð ástunga/dren	510
17		584-43	Lokun á vena spermatica (embolisation)	510	17		Mxx-05	Segulómstýrð ástunga/sýnataka	510
17		585-00	Bláæðarannsókn grindarholslíffæra	510	17		Mxx-06	Segulómstýrð ástunga/dren	510
17		590-00	Ástunga á nýmaskjódðu (percutan nefropyelostom)	510	18. Verðflokkur				
17		592-52	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction) - stent	510	18		746-00	MIBG (pheochromocytoma o.fl.) með 123-I	1100
17		593-00	Stungið á blöðru í nýra (cystupunction)	510	18		780-00	Æxliskönnun (Octreotide, 111-In)	1100
17		675-00	Slagæðarannsókn á handlegg	510	19. Verðflokkur				
					19		758-00	Beinameinvörp, meðferð með 89-Sr (Metastron)	1580
20. Verðflokkar í jáeindaskanna									
20		701-70	FDG-JS án TS (höfuð)	860					
20		701-71	FDG-JS með TS - háls thorax kviður - án skuggaefnis	933					
20		701-72	FDG - JS með TS - háls thorax kviður - með skuggaefni	968					
20		701-73	FDG - JS með TS - háls thorax kviður neðri útlímur - án skuggaefnis	933					
20		701-74	FDG - JS með TS - háls thorax kviður neðri útlímur - með skuggaefni	968					
20		701-75	FDG - JS með TS - höfuð og háls - án skuggaefnis	933					
20		701-76	FDG - JS með TS - höfuð og háls - með skuggaefni	968					
20		704-70	Flumetamol - JS	1.459					